

Berserkseyri

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Fremst (austast) á nesinu milli Kolgrafafjarðar og Hraunsfjarðar standa Berserkseyrarbæirnir, eða, eins og nú er, húsin, það voru áður tvær jarðir, en voru fyrir all löngu sameinaðar, en nú er þar aftur tvíbýli, en túnin liggja saman.

Ytra húsið stendur nú þar sem ytri bærin stóð áður. Suður frá húsinu er túnhluti afgirtur með fornum garðlögum, völlum, heitir eða hét **Virki** (1). Nú er búið að slétta völlum þennan, gerðið var um 80 + 40 metra. Fyrir vestan Virkið er tún, sem kallað er **Kottún** (2). Kotið hefur staðið þar sem nú eru fjárhúsin frá ytri bænum. Í norður frá húsinu er völlum, sem **Gatnavöllum** (3) heitir. Lá hann út með Virkjum og út að (vestur-) Kottúninu, völlum þennan er og búið að slétta. Niður túnið heitir **Kaupamannavöllum** (4). Austur frá húsinu er allstór hóll, stóðu bæirnir þar um skeið, eru þar miklar byggingaleifar.

Fyrir ofan þetta tún er allstór fornleg girðing, er liggur frá austri til vesturs, þvergarður hefur skipt henni í tvennt, girðing þessi er kölluð **Traðir** (5). **Innri-Berserkseyri** (6): Efri hluti þess túns, í suðvestur frá húsinu, heitir **Svíri** (7). Austur og niður túnið heitir **Óberja** (8). Um það er fornt garðlag.

Austur frá túninu er lítil stargresimýri, sem kölluð er **Veita** (9). Nær hún niður að sjávarbakka og austur að **Árhólsflöt** (10). Litlu neðar og innar (austar) heita **Ármót** (11), þar fellur **Dalá** (12) til sjávar, en svo heitir smáá er fellur eftir **Berserk(s)eyrardal** (13). Austan árinna við sjávarmálið er malarkampur, er **Háikampur** (14) heitir. Fyrir ofan kampinn eru sléttar mosavaxnar sléttur með ánni, eru þær kallaðar **Eyrar** (15) (**Berserkseyrar** (16)). Upp af Eyrunum eru hæðir, sem kallaðar eru **Höttin** (17), fyrir ofan þau eru **Múlamýrar** (18), en svo heita mýrar, sem eru framan undir múla þeim, sem er austan við Berserkseyrardal og er kallaður **Austurmúli** (19). Múlamýrar ná austur að gili, sem kemur ofan Austurmúlaendann og **Dagmálagil** (20) heitir. Þar sem Dagmálagil fellur til sjávar eru háar brekkur báðum megin þess, heita þær **Kúalágar** (21). Nokkru innar (austar) gengur hátt holt fram að firðinum (**Seljafirði** (22)). Heitir það **Kallholt** (23). Austan Dagmálagils, frá Kallholti og upp að **Múlabrún** (24), gengur hryggmynduð

bunga, sem heitir **Múlarönd** (25). Því nær miðja vegu milli fjalls og fjöru er klettastapi með grasivaxinni þúfu efst, stapi þessi heitir **Sjónarhóll** (26). Nokkru suðaustar eru mjög gamlar tóftir, sem kallaðar eru **Sel** (27). Næsta leiti fyrir framan tóftirnar heitir **Selhryggur** (28). Fyrir sunnan Selhrygg er djúpur skurður eða skriðufarvegur, heitir hann **Djúpiskurður** (29) við **Mjósund** (30) (**Mjósyndi** (31)); nær hann frá klettagirðingunni til sjávar. Við Djúpaskurð eru landamerki milli Berserkseyrar og Fjarðarhorns í Helgafellsveit. Suður frá Berserkeyrartúni, á milli Kolgrafamúla og Austurmúla, gengur fram allstór og hrjóstugur dalur, sem Berserkseyrardalur heitir. Eftir honum miðjum rennur á, sem Dalá heitir. Í hana falla smágil bæði að austan og vestanverðu.

Austan árinna, en vestan við Holtin eru lyngmóar. Heitir það svæði **Jöfnugeirar** (32) (**Jafnugeirar** (33)) – ná þeir fram að norðasta gilinu, en það heitir **Gíslagil** (34), þar sem Gíslagil fellur í Dalá myndast þríhyrnt nes er heitir **Alnbogi** (35). Í nesinu eru fornar tóftir, sem kallaðar eru **Austurstekkur** (36). Sunnan Gíslagils heitir hlíðin **Austurhlíð** (37), er hlíðin nefnd svo fram í dalbotn. Fyrir ofan miðja hlíðina allt að Múlabrún eru grasivaxnar brekkur, er heita **Norðurból** (38). Sunnan við Norðurbólin, á há-múlanum, er þúfumyndaður grjóthóll, sem heitir **Þórshnúa** (39), lækkar múlinn fyrir sunnan hólinn og verður söðulbakaður, þar heita **Hádegisbrekkur** (40). Ná þær suður að **Gjafa** (41) (**Gjafakolli** (42)). Neðan við brekkurnar er slakki í fjallið, votlendar lautir, er heita **Suðurból** (43). eru þar margar vatnsuppsprettur, er einu nafni kallast **Lækir** (44). Falla þeir allir í Dalá. Inn úr dalbotninum gengur djúpt gljúfragil, nokkuð upp í **Gjafahlíðina** (45), en svo heitir hlíðin fyrir dalbotninum. eru það brekkur og bungur allt upp að Gjafa, gil þetta heitir **Rangali** (46) (eða **Gjafagil** (47)). Upp með því, að austan, gengur grjóthryggur, er **Rangalaholt** (48) heitir, en að vestanverðu eru **Hamragirðingar** (49). Fyrir ofan girðingana eru grasgeirar, er heita **Sneplar** (50).

Vestan við gilið á láglandi í dalnum er mosavaxið sléttlendi, sem kallað er **Flatir** (51). Ná þær að syðsta gilinu í dalnum vestanverðum, það gil heitir **Snjógil** (52); norðan við það er allstór brokmýri er **Snjógilsmýri** (53) heitir. Nokkru norðar í hlíðinni er gil, er **Djúpagil** (54) heitir, myndar það stóra gróðurlausa kvos inn í Kolgrafamúla, norðan við **Snjógilskúlu** (55). Litlu norðar er annað gil, sem heitir **Miðgil** (56). Fram með því eru grasivaxnar lautir, sem **Tóulágar** (57) heita. Þá er næst norðasta og stærsta gilið, heitir það **Stekkjargil** (58). Það myndar einnig stóra kvos inn í hlíðina, sem nokkur gróður er í.

Sunnan við Stekkjargil þar sem það fellur í Dalá eru stórþýfðir grasmóar. Í þeim eru allmiklar fornar rústir með garðlagi umhverfis, rústir þessar eru kallaðar **Fornistekkur** (59). Norðan við gilið, við hlíðina, eru og rústir, eru þær kallaðar **Stekkur** (60). Niður undan þeim er mýri, sem **Stekkjarmýri** (61) heitir.

Frá Stekkjarmýri að Árholti og tungumynduðum grasmóum, sem eru sunnan við túnið og kallaðir eru **Bali** (62), skiptast á holt og mýrasund, svæði þetta er kallað **Holtasund** (63). Niður með Balanum að suðvestanverðu fellur smálækur, er heitir **Jónslágarlækur** (64). Austan við lækinn er stórt holt er **Árholt** (65) heitir. Laut sú er lækurinn fellur um heitir **Jónslág** (66).

Upp frá túninu eru Traðirnar (sjá áður), um þær fellur lækur, er **Traðalækur** (67) heitir. Hann á upptök sín í smádal í Kolgrafamúla austanverðum, er **Nóndalur** (68) heitir. Vestan við Traðalækinn er stór grasivaxin bunga, sem kölluð er **Skriða** (69). Vestan við hana er lægð, er **Skriðukrókur** (70) heitir. Vestur frá túninu er stór mýri, sem heitir **Kotmýri** (71). Neðan við hana er kambmyndað barð, er heitir **Hvörfin** (72). Niður frá Hvarfinu eru grasmóar að sjávarbakkanum, þar fram af gengur klettarni, sem kallaður er **Snoppa** (73). Meðfram sjónum eru smáþýfðir móar, sem kallaðir eru **Bakkarnir** (74). Þar sem móarnir enda gengur klettatangi nokkuð í sjó fram, heitir hann **Ytrabyrgistangi** (75). Upp frá tanganum er mýri, sem heitir **Mómýri** (76). Í henni eru gamlar mógrafir, sem kallaðar eru **Ytrabyrgisgrafir** (77). Nokkru fyrir ofan mýrina (nær fjallinu) er holt, sem kallað er **Móholt** (78), er það framhald af Hvarfinu. Fyrir utan og neðan (norðvestan) Kotmýrina er einstakur klettastapi, sem heitir **Kýrstapi** (79). Nokkru utar, sjávarmegin við Mómýrina, eru aðrir klettastapar, heita þeir **Móstapar** (80).

Upp við fjallið (Kolgrafamúla) er fjárrétt. Heitir þar **Grjótstekkur** (81), nokkru vestar með hlíðinni er mosavaxið grjótbarð, er heitir **Skiphóll** (82). Fyrir vestan Skiphól og niður með Móholti gengur grasivaxin laut, sem heitir **Langalág** (83). Niður frá Löngulág fellur smálækur, er **Mólækur** (84) heitir. Dreifist hann um mýri, sem er þar niður undan og **Tjarnarmýri** (85) heitir. Nær hún austur að Móstöpum og niður að sjó. Neðst í mýrinni er tjörn, sem heitir **Akrastapatjörn** (86). Niður undan mýrinni, en austan við tjörnina gengur fram tangi, er **Baulutangi** (87) heitir. Nokkru vestar gengur annar klettatangi fram, er **Akrastapatangi** (88) heitir. Upp frá honum, vestan við

Akrastapatjörn, eru stapar, sem **Akrastapar** (89) heita; suðvestan við Akrastapa eru fornlegar girðingar í tvennu lagi, eru þær kallaðar **Akrarnir** (90).

Vestur frá Akrastöpum gengur langt, flatlent nes vestur í fjörðinn. Er það kallað **Berserkseyraroddi** (91); er hann allbreiður vestast og nokkuð grasivaxinn, þar er lítil tjörn er heitir **Oddatjörn** (92). Austast og efst er **Oddinn** (93) því nær sundurskorinn – heitir þar **Oddarif** (94). Norður frá Oddanum liggja sker, sem **Grandeyjarsker** (95) heita.

Suður og upp af Akrastöpum, vestan við Tjarnarmýrina er langt, en mjótt holt, sem heitir **Torfholt** (96). Upp frá því, allt til fjalls, eru bunguvaxnir lyngmóar, er þar kallað **Nýjasteinshvarf** (97). Þar fyrir vestan koma víðáttumiklar mýrar, er **Hópmýrar** (98) heita; ná þær austan frá Torfholti og vestur á merkin milli Berserkseyrar og Kolgrafa en þau eru um Þrísteina (sjá Kolgrafir).

Milli Berserkseyrarodda og Kolgrafaodda er allstór vogur, sem kallaður er **Hópið** (99), í því er lítil hólmi, sem heitir **Hópshólmi** (100).

Stafrófsskrá örnefna:

Akrastapatjörn 86	Kúalágar 21
Akrastapar 89	Kýrstapi 79
Akrastapatangi 88	Langalág 83
Akrar(nir) 90	Lækir 44
Alnbogi 35	Miðgil 56
Árhólsflöt 10	Mjósund 30
Árholt 65	Mjósyndi 31
Ármót 11	Móholt 78
Austurhlíð 37	Mólækur 84
Austurmúli 19	Mómýri 76
Austurstekkur 36	Móstapar 80
Bakkar(nir) 74	Múlabrún 24
Bali 62	Múlamýrar 18
Baulutangi 87	Múlarönd 25
Berserkseyraroddi 91	Nóndalur 68
Berserkseyrar 16	Norðurból 38
Berserk(s)eyrardalur 13	Nýjasteinshvarf 97
Dagmálagil 20	Óberja 8
Dalá 12	Oddarif 94
Djúpagil 54	Oddi (inn) 93
Djúpiskurður 29	Oddatjörn 92
Eyrar 15	Rangalaholt 48
Flatir 51	Rangali 46
Fornistekkur 59	Sel 27
Gatnavöllur 3	Selhryggur 28
Gíslagil 34	Seljafjörður 22
Gjafagil 47	Sjónarhóll 26

Gjafahlíð 45	Skipból 82
Gjafakollur 42	Skriða 69
Gjöf 41	Skriðukrókur 70
Grandaeyjarsker 95	Sneplar 50
Grjótstekkur 81	Snjógil 52
Hádegisbrekkur 40	Snjógilskúla 55
Háikampur 14	Snjógilsmýri 53
Hamragirðingar 49	Snoppa 73
Holtasund 63	Stekkjargil 58
Hött(in) 17	Stekkjarmýri 61
Hóp(ið) 99	Stekkur 60
Hópmýrar 98	Suðurból 43
Hópshólmi 100	Svíri 7
Hvörfin 72	Tjarnarmýri 85
Innri-Berserkseyri 6	Torfholt 96
Jafnageirar 33	Tóulágar 57
Jónslág 66	Traðalækur 67
Jónslágarlækur 64	Traðir 5
Jöfnugeirar 32	Veita 9
Kallholt 23	Virki 1
Kaupamannavöllur 4	Ytrabyrgisgrafir 77
Kotmýri 71	Ytrabyrgistangi 75
Kottún 2	Þórshnúa 39